5. gr. 88 23. júní

Við 2. gr. A. III. bætist:

17. Grímsá í Borgarfirði.
18. Reykjadalsá í Borgarfirði.
19. Kjarlaksstaðaá á Fellsströnd.
20. Búðardalsá á Skarðsströnd.
21. Hvestuvaðall í Dalahreppi í Barðastrandarsýslu.
22. Dufansdalsá í Suðurfjarðahreppi í Barðastrandarsýslu.
23. Skorará í Grunnavíkurhreppi.
24. Svartá í Tungusveit.
25. Jökulsá eystri í Skagafirði.
26. Laxá í Laxárdal í Skagafirði.
27. Laxá í Mývatnssveit hjá Arnarvatni.
28. Skjálfandafljót hjá Stóruvöllum.
29. Ásavatn í Skaftártungu í Vestur-Skaftafellssýslu.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.) *Hermann Jónasson.*

LÖG

89 23. júní

um framlenging á gildi ýmsra lagaákvæða um tekjuöflun fyrir ríkissjóð.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Á árinu 1937 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta tolla þá og gjöld, sem talin eru í 2. gr. laga nr. 82 26. apríl 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum og í nefndri grein, og einnig að innheimta með 25% viðauka verðtoll þann, sem um ræðir í lögum nr. 132 31. des. 1935.

89 23. júní

2. gr.

Skemmtanaskatt samkvæmt lögum nr. 56 31. maí 1927 skal til ársloka 1937 heimilt að innheimta með 80% álagi. Þó skulu leiksýningar, hljómleikar og söngskemmtanir innlendra manna undanþegnar álagningunni.

3. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að innheimta á árinu 1937 tekjuskatt og eignarskatt með sama álagi og eftir sama skattstiga og árið 1936, sbr. lög nr. 82 26. apríl 1935, 1. gr., lög nr. 128 31. des. 1935, 2. gr. 1. og 2. málsgr., og lög frá 21. apríl 1936, um breyting á þeim lögum.

Ákvæði síðustu málsgr. 2. gr. laga nr. 128 31. des. 1935 skulu gilda til ársloka 1937.

4. gr.

Á árinu 1937 er ríkisstjórninni heimilt að innheimta gjald af innfluttum vörum, sem taldar eru í 3. gr. laga nr. 128 31. des. 1935, á sama hátt og í sömu tilfellum og þar segir.

5. gr.

Á árinu 1937 skal ríkisstjórninni heimilt að innheimta 8 aura innflutningsgjald af hverjum lítra af benzíni, í stað þess innflutningsgjalds, sem ákveðið er í a-lið 1. gr. laga nr. 84 6. júlí 1932. Endurgreiða skal nefnt gjald í sömu tilfellum og á sama hátt og fyrir er mælt í 5. málsgr. 4. gr. laga nr. 128 31. des. 1935 og reglugerð nr. 75 4. júlí 1933. Annars gilda ákvæði laga nr. 84 6. júlí 1932 um innheimtu gjalds þess, sem innheimt er samkvæmt þessari grein.

Þeim tekjuauka, sem leiðir af framangreindri hækkun innflutningsgjaldsins, skal varið til þess að greiða kostnað við lagningu akvega og malbikun þjóðvega svo sem hér segir:

I. Til malbikunar:

a. Elliðaárvegur	allt að	50000	kr.
b. Hafnarfjarðarvegur	allt að	50000	—

II. Til akvega:

a. Til Suðurlandsbrautar	allt að	70000	kr.
b. — Holtavörðuheiðarvegar	allt að	30000	—
c. — Vestmannaeyjavegur	allt að	5000	—
d. — Austurlandsvegar	allt að	10000	—
e. — Geysisvegar	allt að	10000	—
f. — vega út frá Akureyri	allt að	15000	—
g. — Sogsvegar	allt að	15000	—

Það, sem ofangreindur tekjuauki kann að fara fram úr 255000 krónum, leggist í sérstakan sjóð, er verði ráðstafað til lagningar Suðurlandsbrautar á árinu 1938. 89 23. júní

6. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1937.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

LÖG

90 23. júní

um veiting ríkisborgararéttar.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallizt á lög þessi og Vér staðfest þau með samþykki Voru:

Ríkisborgararétt skulu öðlast:

1. Guðmundur Marteinsson verkfræðingur, fæddur á Íslandi, en hefir misst íslenzkan ríkisborgararétt.
2. Henriksen, Ole Sundför Dybdahl, sem fæddur er í Noregi.
3. Wilson, August Wilhelm, sem fæddur er í Svíþjóð.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sér að hegða.

Gjört í Reykjavík, 23. júní 1936.

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Hermann Jónasson.